

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 15 - 14.02. 2003

Föstudaginn 14. febrúar, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1400 í Áhaldahúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Málefni Hrings hf
2. Breytingar á vatnsveitulögum.
3. Frumvarp til raforkulaga.
4. Aðalfundur Samorku 14. mars 2003
5. Önnur mál

AFGREIÐSLUR:

1. Málefni Hrings hf

Lagður var fram kaupsamningur og afsal á hlutum Sveitarfélagsins og Skagafjarðarveitna ehf í Hring hf, til Lárusar Dags Pálssonar og Kristbjörns J. Bjarnasonar dags. 13. feb. 2003 ásamt samkomulagi varðandi kaupin með sömu dagsetningu.

Stjórnin samþykkir fyrir sitt leiti ofangreinda samninga.

2. Breytingar á vatnsveitulögum.

Borist hefur bréf frá Félagsmálanefnd Alþingis dags. 31. jan. 2003 þar sem farið er fram á að stjórn Skagafjarðarveitna ehf gefi umsögn um meðfylgjandi frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga 422 mál, rekstarform, arðgreiðslur o.fl. Einnig barst bréf frá byggðaráði sveitarfélagsins um sama mál, dags. 11. feb. 2003.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf gerir athugasemdir við 3.gr frumvarpsins sem fjallar um arðgreiðslur af eigin fé vatnsveitna. Skilningur stjórnarinnar er sá að engar hömlur séu lagðar á arðgreiðslur vatnsveitna ef þær eru sjálfstæður skattaðili og stangast það á við athugasemdir með frumvarpinu.

Að öðru leiti lýsir stjórnin ánægju með frumvarpið.

3. Frumvarp til raforkulaga

Stjórnin veitir ekki umsögn um frumvarpið.

4. Aðalfundur Samorku 14. mars 2003.

Samþykkt að veitustjóri eða formaður stjórnar fari með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf á fundinum.

5. Önnur mál.

Rætt um 50 ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 15.35

Ritari

